



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

Rvk. 10. 11. 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 4. mál.

Í frumvarpinu er lýst andstöðu við einkavæðingu Landssíma Íslands hf. og lagt til að horfið verði frá hugmyndum um sölu, a.m.k. til ársloka 2008.

Samtök atvinnulífsins eru andvíg efni umrædds frumvarps. SA hafa eindregið hvatt til einkavæðingar fyrirtækisins enda á ríkið ekki að stunda atvinnurekstur á samkeppnismarkaði. SA fagna því að hafinn sé undirbúningur á ný að sölu hlutfjár í fyrirtækinu eftir að áformum þess efnis var frestað fyrir rúmum þremur árum. Nú eru aðstæður aðrar og betri á markaði fyrir sölu hlutfjárins og forsendur fyrir velheppnaðri sölu þess fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri